

Reglur um nemendaheimsóknir í grunnskóla Ísafjarðarbæjar

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur endurskoðað reglur sínar um nemendaheimsóknir í grunnskóla bæjarins til að koma til móts við þá foreldra sem eiga börn sem búa í öðrum sveitarfélögum. Reglurnar gilda um öll þau börn sem koma og dvelja um stundarsakir í sveitarfélaginu en eiga ekki lögheimili þar.

I. hluti Þar sem foreldrar eiga ekki lögheimili í sveitarfélaginu.

1. Nemendur sem eru í vetrarfríum í heimaskólum sínum eiga ekki að sækja tíma í grunnskólum Ísafjarðarbæjar, enda sé þá verið að lengja skólaárið hjá þeim.
2. Nemendur sem eru gestkomandi, hvort sem þeir hafa átt lögheimili í Ísafjarðarbæ eða ekki, eru velkomnir í tímabundnar heimsóknir í samráði við skólastjóra og umsjónarkennara, svo lengi sem 1. gr. á ekki við. Ekki er gert ráð fyrir lengri heimsókn en einn dag.
3. Þeir nemendur sem koma í skólaheimsóknir í Ísafjarðarbæ skulu mæta í skólann með verkefni frá eigin skóla, bækur og skriffæri sem við eiga og taka þátt í kennslunni eins og allir aðrir nemendur bekkjarins
4. Forsendur heimsóknar eru að hegðun nemandans valdi ekki truflun í bekknum.
5. Allir nemendur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar eru tryggðir.
6. Sérstakar ástæður þurfa að vera fyrir beiðni um lengri námsdvöl og þarf að sækja um hana til Skóla- og fjölskylduskrifstofu v/kostnaðarþátttöku lögheimilissveitarfélags.

II. hluti Þegar foreldri/foreldrar eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

7. Foreldrar sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu og vilja hafa barn/börn sín hjá sér um tíma geta sótt um lengri dvöl í grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Reynt verður að bregðast við óskum þar sem því verður við komið.
8. Mikilvægt er að sækja um námsdvöl með góðum fyrirvara til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.
9. Þeir nemendur sem koma í skólaheimsóknir í Ísafjarðarbæ skulu mæta í skólann með námsáætlun og verkefni frá eigin skóla ásamt bókum og skriffærum sem við eiga. Námsmat skal ávallt vera á ábyrgð heimaskóla.
10. Ef samanlagður tími námsdvalar yfir skólaárið er lengri en 3 vikur, þarf að gera

samkomulag við lögheimilissveitarfélagið um kostnaðarpáttöku.

Samþykktar á 283. fundi fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar þann 31. mars 2009.